

# Ágæta handverksfólk og aðrir áhugasamir í Þingeyjarsýslum

Stofnfundur samstarfsverkefnisins Þingeyskt og Þjóðlegt verður haldinn í Skúlagarði laugardaginn 25. febrúar milli klukkan 11 og 14. Verkefnið Þingeyskt og Þjóðlegt hefur það að meginmarkmiði að stuðla að eflingu og þróun handverks og handverkssölu í Þingeyjarsýslu. Það skapar tækifæri fyrir samstarf um þróun, sölu og markaðssetningu. Verkefnið er opið fyrir starfandi handverkshópa og einstaklinga sem framleiða handverk eða hafa brennandi áhuga á svæðisbundnu handverki.

## Vinnusmiðja/stofnfundur Dagskrá

### Fjölskyldutengsl í handverki -svæðisbundið handverk

*Inga Arnar, Þjóðbúninga- og hannyrðavinnustofa Ingu Arnar.*

### Hugtök í handverki og hönnun

#### Hvað er góður "minjagripur" ?

### Verðlagning, tækifæri og markaðssetning.

*Sunneva Hafsteinsdóttir, Handverk og hönnun*

### Frá hönnun í fyrirtæki,

### þátttaka í samstarfsverkefni á vegum Myndlistarskólans

*Herdís Björk Þórðardóttir, Bimbi.is*

### Innganga í félagið

### Kosning stjórnar

Allir velkomnir, **vinsamlegast skráið þátttöku** í netfangið

[kidagil@thingeyjarsveit.is](mailto:kidagil@thingeyjarsveit.is) eða í síma 466-1719 / 895-4742 Guðrún

## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 482-3502 / 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 22. febrúar.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.500,-, heilsíða 3.700,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi. Auglýsendum er bent á þennan ódýra auglýsingamiðil. Skeglan er á netinu á [kopasker.123.is](http://kopasker.123.is).

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni

7. tbl. 3. árg. Miðvikudagur 15. febrúar 2012

## Fundarboð

Aðalfundur BSNÞ 2012 verður haldinn í matsal Fjallalambs fimmtudaginn 23. febrúar. Fundurinn hefst kl. 13.00.

Dagskrá hans er sem hér segir:

1. Fundarsetning og skipun starfsmanna.
2. Skýrsla stjórnar og reikningar
3. Álit kjörbrefanefndar
4. Mál lögð fram
5. Nefndastörf
6. Afgreiðsla mála
7. Kosningar
  - Stjórnarmaður til næstu þriggja ára.
  - Einn maður í varastjórn til eins árs.
  - Endurskoðandi til eins árs.
  - Búnaðarþingsfulltrúi vegna 2013-2015.
8. Önnur mál.
9. Aðalfundur Sauðfjábændadeildar.
  - Fundarsetning.
  - Erindi: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður L.S.
  - Erindi: Ólafur Jónsson héraðsdýralæknir.
  - Kosningar.
  - Önnur mál.

10. Fundarslit.

Áætlað er að liðum 1 til 8 ljúki eigi síðar en kl. 15.30.

Kl. 16.00 hefst aðalfundur Sauðfjábændadeildar.

Allir félagsmenn í BSNÞ eru velkomir og hafa málfrelsi og tillögurétt. Einungis kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt vegna liðar 1-8.

Stjórn BSNÞ